

Lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið auglýsir eftir reynslumiklum lögfræðingi til starfa á skrifstofu réttinda einstaklinga. Leitað er að einstaklingi sem getur tekið þátt í og leitt víðtækt samráð og samstarf á sviði mannréttinda innanlands sem utan. Starfið felst einkum í vinnu á sviði mannréttindamála, vinnu við mótun frumvarpa og reglna, sem og umsjón og framkvæmd alþjóðasamninga.

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur
- Góð þekking og reynsla á réttarsviði mannréttinda
- Þekking og reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar æskileg
- Þekking á starfsemi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins æskileg
- Þekking eða reynsla af stefnumótun æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á einu norðurlandamáli æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Mjög góð forystu- og samskiptahæfni

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 18. september nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt lögfræðingur.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamentaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Dómsmálaráðuneytið
Sólhvólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ